

Fundur í fjallskilanefnd Eyja- og Miklaholtshrepps, haldinn að Breiðabliki, miðvikudaginn 17. ágúst 2022 kl. 20:30.

Mætt eru: Guðný Linda Gísladóttir, Sigurbjörn G. Magnússon, Halldór K. Jónsson, Gunnar Guðbjartsson og Sigurbjörg Ottesen, sem að ritaði fundargerðina.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Eftirfarandi var tekið fyrir:

1. Nefnd skipti með sér verkum.

Halldór K. Jónsson var kjörinn formaður nefndarinnar, Gunnar Guðbjartsson ritari og Guðný Linda Gísladóttir varaformaður.

2. Tilhögun fjallskila.

Eftirfarandi var ákveðið á grundvelli fjárfjölda í hreppnum. Fjallskilaskildar eru 1537 kindur, eða um 39,41 fullorðin kind á bak við dagsverkið. Einungis eru lögð á dagsverk vegna útréttu, réttaviðgerða og eyði eða búlausra jarða sem eiga fjallendi. Lagt er 1 dagsverk á eigendur slíkra jarða en önnur dagsverk lögð á fjáreigendur sem eiga fé sitt á fjalli. Ábúendur jarða skulu að öðru leiti smala sín heimalönd og koma óskilafé í tæka tíð til réttar eða í safngirðingar.

Því er treyst að landeigendur/ábúendur leysi ofangreind verk vel og samviskusamlega af hendi og stuðli þannig að því að fé komist í hendur réttra eigenda. Inni menn ekki fjallskil af hendi greiði þeir kr. 25.000,- fyrir dagsverkið.

Fleira var ekki tekið fyrir. Fundi var slitið kl. 22:00. Fundargerð upplestin og undirrituð.

Guðný Linda Gísladóttir
Sigurbjörn G. Magnússon
Halldór Jónsson
Gunnar Guðbjartsson
Sigurbjörg Ottesen